

munlegt áfangapróf, ef til kemur samþykki umsjónarkennara í kennslugrein og ósk meirihluta stúdenta, sem eiga eftir að ganga undir prófið.

3. gr.

Orðin „15. apríl“ í 1. og 2. mgr. III verði: 15. mars.

4. gr.

Orðin „6 ár“ í 2. málsl. 2. mgr. 89. gr. verði: 8 ár.

5. gr.

Orðin „8 ár“ í 3. málsl. 2. mgr. 89. gr. verði: 9 ár.

6. gr.

Á eftir 89. gr. komi eftirlfarandi ákvæði til bráðabirgða:

Stúdentum skráðum í lagadeild á árinu 1977 og fyrr, sem þegar hafa preytt áfangapróf í 2. hluta, en ekki staðist það, er heimilt að preyta áfangapróf samkvæmt 88. gr. Þessi tilhögun gildir til vorprófa 1982.

7. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 28. júlí 1981.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 6. ágúst 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.